




Ársskýrsla 2014



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

Útgefandi: Ríkislögreglustjórinn
www.logreglan.is
www.almannavarnir.is
Ritstjóri: Katrín Salima Dögg Ólafsdóttir
Sviðsstjórar og deildarstjórar hjá ríkislögreglustjóra tóku saman efnið
Uppsetning: Svansprent ehf.
Útgefið: Maí 2015



Ríkislögreglustjórnin

Ársskýrsla 2014

Starfsemi og rekstur

Efnisyfirlit

Frá ríkislögreglustjóra.....	4
Rekstur embættis RLS.....	6
Gæðastarf og umbætur.....	6
Starfsmenn ríkislögreglustjóra.....	7
Yfirlit yfir verkefni RLS 2014.....	8
Umsjón með ökutækjum lögreglunnar.....	8
Umsjón með tölvuneti og upplýsingatæknibúnaði lögreglu.....	9
Samhæfingarstöðin.....	10
Jarðhræringar og eldgos.....	11
Rannsóknarverkefni.....	11
Gerð viðbragðsáætlana.....	12
Starfsemi fjarskiptamiðstöðvar.....	12
Starfsemi sérsveitar.....	13
Starfsemi alþjóðadeildar.....	14
Starfsemi greiningardeildar.....	16
Kennslanefnd.....	16
Peningaþvætti.....	17
Skjalastýring og móttaka.....	17
Þróun afbrota.....	18
Sérstakt umferðareftirlit.....	19
Stafrænar hraðamyndavélar.....	19
Starfsmenn lögreglu.....	20
Fjöldi lögreglumanna við störf 1. febrúar 2014.....	20
Fjöldi borgaralegra starfsmanna við störf 1. febrúar 2014.....	21
Félagastuðningur og handleiðsla.....	22
Jafnréttismál lögreglunnar.....	23
Viðburðir, ráðstefnur og erlent samstarf.....	24
Summary in English.....	29

Frá ríkislögreglustjóra

Á 140. löggjafarþingi 2011 til 2012 ályktaði Alþingi að fela innanríkisráðherra að skipa nefnd níu fulltrúa sem skyldi fjalla um grundvallarskilgreiningar á löggæslu og gera löggæsluáætlun fyrir Ísland. Nefndin er skipuð fulltrúum allra þingflokka, tveim fulltrúum innanríkisráðuneytisins, ríkislögreglustjóra og formanni Lands sambands lögreglumanna auk þess sem formenn lögreglustjóra- og yfirlögregluþjónafélagsins starfa með nefndinni. Þá hafa nokkrir starfsmenn ríkislögreglustjóra komið að starfinu. Hlutverk nefndarinnar er að skilgreina öryggis- og þjónustustig á Íslandi, auk þess að skilgreina mannafla- og fjárförf lögreglunnar.

Nefndin skilaði áfangaskýrslu sem innanríkisráðherra lagði fyrir Alþingi á 141. löggjafarþingi 2012 til 2013. Megináherslur þær sem nefndin setti fram sem leiðarljós um endanlega gerð löggæsluáætlunar og eru stefnumarkandi fyrir vinnu að löggæslu- og verkefnaáætlun samkvæmt þingsályktunartillögum, eru að stórefla þurfi lögregluna og að hækka þyrfti framlög til hennar um alls 3.5 milljarða króna umfram verðlagshækkunir fjárlaga. Nefndin taldi að í ljósi þeirrar fækkunar sem orðið hefði í lögregluliðinu og í ljósi umfangs verkefna lögreglunnar þyrfti að fjölga lögreglumönnum frá því sem þá var um allt að 236, auka menntun þeirra og þjálfun og bæta búnað lögreglunnar.

Í vinnu nefndarinnar hefur verið byggt á skýrslu ríkislögreglustjóra um grunnþjónustu lögreglunnar frá október 2009, sem unnin var að beiðni þáverandi dómsmálaráðherra. Sett eru margvísleg markmið og mælikvarðar á árangur og er þar bæði byggt á mælikvörðum sem settir voru í síðustu löggæsluáætlun fyrir árin 2007 til 2011 sem byggjast á afbrotatölfræði og þolendakönnun sem gerð var meðal

almennings. Auk þessa er unnið að upptöku ýmissa nýrra mælikvarða svo sem könnun á öryggi og öryggistilfinningu lögreglumanna, mælingu á málsmeðferðartíma við rannsóknir, rauntímamælingu á forgangstíma frá því útköll berast lögreglu og þar til fyrstu lögreglumenn mæta á vettvang o.fl. Ætlunin er að mæla árangur lögreglunnar og meta hversu vel hún uppfyllir kröfur um lágmarks þjónustu- og öryggistig.

Á árunum 2007 til 2014 fækkaði lögreglumönnum um tæplega 100 en nokkur viðsnúningur varð 2014 þegar fjárveitingar til lögreglu voru auknar og ráðnir voru 44 nýjir lögreglumenn auk þess sem fjárveiting fékkst til aukinnar þjálfunar og kaupa á búnaði. Enn er þó langt í land og eru bundnar vonir við að þegar löggæsluáætlunin verður samþykkt á Alþingi með skýrum markmiðum um lágmarks þjónustu- og öryggistig ásamt greiningu á mannafla- og fjárþörf lögreglunnar, muni fjárveitingar til hennar aukast frekar.

Haraldur Johannessen
Ríkislögreglustjóri

Rekstur embættis RLS

Tafla 1. Rekstur embættis ríkislögreglustjóra í tölum árið 2014.

Ríkislögreglustjóri	2014	2013
01 Laun	1.194.075.765	1.051.315.888
02 Ferðir og fundir	62.901.678	59.736.700
03 Rekstrarvörur	129.954.707	48.539.375
04 Aðkeypt þjónusta	514.612.255	329.308.212
05 Húsnæði	144.276.722	139.046.120
06 Bifreiðar og vélar	334.831.474	310.369.461
07 Rekstrarkostnaður	158.447.958	126.270.443
Rekstrargjöld alls	2.539.100.559	2.064.586.199
08 Sértekjur	-751.023.144	-712.735.700
10 Framlag ríkissjóðs	1.757.459.388	-1.340.800.000
Fjárheimildir og tekjur	2.508.482.532	-2.053.535.700
Rekstarniðurstaða	30.618.027	-11.050.499

Gæðastarf og umbætur

Árið 2014 var áhersla lögð á gæðastarf og umbætur í starfsemi embættisins. Áfram var unnið að uppbyggingu á handbók embættisins af hálfu gæðateymis.

Sérstakur umbótahópur hélt áfram störfum á árinu 2014. Hann hefur það verkefni að vinna úr tillögum sem berast frá starfsmönnum embættisins um úrbætur á starfsumhverfi og beina þeim í réttan farveg. Hópurinn vann að 79 verkefnum á árunum 2013 til 2014 og í árslok 2014 var 75 verkefnum lokið. Undir lok árs fundaði umbótahópurinn með öllum deildum embættisins. Þar var vinna hópsins á árinu kynnt og tekið við ábendingum sem skilað var til yfirstjórnar til frekari úrvinnslu.

Í desember gaf ríkislögreglustjóri út mannauðsstefnu fyrir lögregluna sem kemur í stað starfsmannastefnu frá árinu 2004. Þá var starfsmönnum embættisins boðin heilsufarsskoðun sem er einn liður í heilsuvernd.

Uppfært verklag í heimilisofbeldismálum

Í lok árs gaf ríkislögreglustjóri út verklagsreglur um meðferð og skráningu heimilisofbeldismála sem tilkynnt eru lögreglu. Reglurnar koma í stað reglna um sama efni frá 16. október 2005. Við endurskoðun reglnanna var einkum litið til tilraunaverkefnis lögreglustjórans á Suðurnesjum, „Að halda glugganum opnum“ og laga um nálgunarbann og brottvísun af heimili nr. 85/2011. Samhliða útgáfu verklagsreglnanna er innleitt hættumat vegna ofbeldis í nánnum samböndum: B-SAFER.

Starfsmenn ríkislögreglustjóra

Starfsmenn embættis ríkislögreglustjóra voru 124 í lok árs 2014. Árið áður voru þeir 110 og var fjölgunin því 13%. Þegar starfsmannaveltan árið 2014 er skoðuð má sjá að heildarveltan var 10% og raunvelta 4%. Sjá nánar í töflu 2.

Tafla 2. Fjöldi starfsmanna ríkislögreglustjóra, kyn, tapaðar vinnustundir og starfsmannavelta.

Fjöldi starfsmanna 31.12.2013	110 starfsmenn, 108 stöðugildi
Fjöldi starfsmanna 31.12.2014	124 starfsmenn, 112 stöðugildi
Hlutfall kvenna af lögreglumönnum	Af 86 lögreglumönnum eru 4 konur þ.e. 5%
Hlutfall kvenna af borgaralegum starfsmönnum	Af 38 borgaralegum starfsmönnum eru 13 konur þ.e. 34%
Hlutfall tapaðra vinnustunda vegna veikinda, slysa og veikinda barna	13.558 vinnustundir, þ.e. rúmlega 6 ársverk
Heildarvelta	10%
Raunvelta	4%

Yfirlit yfir verkefni RLS 2014

Umsjón með ökutækjum lögreglunnar

Lögreglan í landinu hefur til umráða 141 ökutæki. Heildarakstur ársins 2014 var 3.573.448. Það er um 4% aukning á akstri frá árinu áður.

Tafla 3. Akstur ökutækja lögreglu frá árinu 2012 til 2014 og hlutfallsleg breyting á milli ára.

	2012	2013	2014
Ríkislögreglustjórinn	325.118	297.097	304.245
Lögregluskólinn	29.510	15.119	39.293
Lögreglan á höfuðb.sv.	1.357.251	1.284.760	1.272.554
Lögr. Akranesi	67.323	62.728	77.976
Lögr. Borgarnesi	95.498	93.329	118.724
Lögr. Snæfellsnesi	111.292	82.304	86.280
Lögr. Vestfjörðum	120.775	138.354	169.068
Lögr. Blönduósi	96.665	91.181	109.126
Lögr. Sauðárkróki	40.926	43.041	59.735
Lögr. Akureyri	217.408	197.943	209.636
Lögr. Húsavík	99.554	104.660	125.581
Lögr. Seyðisfirði	97.659	106.255	101.878
Lögr. Eskifirði	149.325	149.767	161.357
Lögr. Hvolsvelli	145.986	135.631	147.820
Lögr. Vestm.eyjum	44.489	43.026	44.245
Lögr. Selfossi	262.113	232.454	225.886
Lögr. Suðurnesjum	387.311	345.929	320.044
Samtals	3.648.203	3.423.578	3.573.448
Hlutfallsleg breyting á milli ára	-7,5%	-6,2%	4,0%

Starfshópur á vegum ríkislögreglustjóra hefur unnið að því á undanförunum árum að fækka tjónum sem verða á ökutækjum lögreglunnar. Í lok ársins varð mikið tjón á jeppabifreið í forgangsakstri hjá lögreglunni í Borgarnesi og var viðgerðarkostnaður um 2,5 milljónir kr. Kostnaður vegna tjóna er þó minni samanborið við árið áður (sjá töflu 4).

Tafla 4. Fjöldi og kostnaður tjóna á ökutækjum lögreglu frá 2012 – 2014.

	2012	2013	2014
Fjöldi tjóna	33	74	64
Fjárhæð tjóna	4.646.475 kr.	17.434.163 kr.	7.825.934 kr.

Vorið 2014 var gengið frá rammasamningi við Ríkiskaup um kaup á ökutækjum fyrir lögregluna. Að því loknu hóf ríkislögreglustjóri örútboð sem skipt var upp í þrjá flokka. Niðurstaða örútboðsins varð sú að pantaðir voru Kia Sorento jepplingar, Skoda Superb 4x4 og Volvo V70, sérstyrktir fyrir lögreglu. Pantaðar voru 12 nýjar lögreglubifreiðar og fóru ökutækin í notkun hjá átta lögregluliðum. Ökutækin voru búin fullkomnum sérbúnaði fyrir lögreglu. Starfshópur ríkislögreglustjóra fylgdi því eftir að nýju ökutækin stæðust nauðsynlegar kröfur samkvæmt 2.gr. í reglum um ökutæki lögreglunnar. Fimm bifreiðar fóru til lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu og þá fóru lögreglubifreiðar til lögreglustjóranna á Snæfellsnesi, Vestfjörðum, Akureyri, Húsavík, Eskifirði, Hvolsvelli og Suðurnesjum. Ásamt kaupum á nýjum bifreiðum var fjarskiptabúnaður þeirra, upptöku- og radarbúnaður ásamt forgangsbúnaði endurnýjaður. Einnig var aukið við öryggisbúnað lögreglubifreiðanna til að tryggja betur öryggi lögreglumanna og lágmarka skemmdir á ökutækjunum.

Umsjón með tölvuneti og upplýsingatæknibúnaði lögreglu

Á neti lögreglunnar eru um 1.100 notendur á 65 starfstöðvum. Á árinu 2014 voru 120 útstöðvar endurnýjaðar hjá lögregluembættunum og að því loknu var engin útstöð á neti lögreglunnar sem keyrði á Windows XP stýrikerfinu og allar útstöðvar þar með komnar með 64 bita Windows 7. Allur miðjubúnaður tölvumiðstöðvarinnar var uppfærður og tvöfaldaður á árinu sem bætir rekstraröryggi til muna. Þá var Codis, miðlægt kerfi fyrir skráningu og utanumhald lífsýna, uppfært. Sérfræðingar frá Bandaríkjunum komu til landsins og unnu með starfsmönnum tölvudeildarinnar að uppfærslunni. Í samvinnu við lögregluumdæmin var á síðari hluta ársins hafin vinna við undirbúning nýrrar vefsíðu fyrir lögregluna í tengslum við umdæmabreytingar og var hún tekin í gagnið á síðasta degi ársins. Unnið var við útvíkkun á kerfinu fyrir öryggismyndavélar og neyðarhnappa.

Spjaldtölvur í lögreglubifreiðar

Haldið var áfram með verkefnið á árinu. Í upphafi árs kom sjö manna teymi forritara frá fyrirtækinu Blue Fragments til að smíða smáforrit (*app*) til notkunar í Windows 8 spjaldtölvum. Að því loknu skiluðu þeir nær fullbúnu smáforriti, sem forritarar RLS tóku síðan við að þróa.

Við prófanir spjaldtölvanna í lögreglubílum kom í ljós að þó dreifikerfi Símans sé þétt miðað við almenna notkun, nægir það ekki til að halda stöðugri tengingu miðað við öryggiskröfur lögreglunnar. Því var leitað leiða til að tryggja gagnaflutning frá spjaldtölvunum inn í tölvumiðstöð lögreglu betur og í því skyni keyptir beinar (*router*) frá finnska fyrirtækinu Goodmill. Í þá er hægt að setja áskriftarkort frá allt að fjórum símafyrirtækjum, beinarnir velja þá tengingu sem best er hverju sinni og viðhalda alltaf öruggri tengingu milli spjaldtölvu og tölvumiðstöðvarinnar.

Undirbúningur fyrir breytingar á umdæmum lögreglu

Á síðasta ársfjórðungi fór talsverð vinna í undirbúning vegna breytinga á lögregluumdæmunum um áramótin 2014 - 2015. Stofna þurfti ný umdæmi í upplýsingakerfunum og deildir undir þeim, ganga frá aðgangsstýringum o.fl. Undirbúa þurfti flutning starfsmanna milli umdæma í tölvukerfunum sem og flutning ólokinna mála þannig að unnt yrði að framkvæma breytingarnar á sem allra stystum tíma á miðnætti um áramótin. Breytingar á símanúmerum voru sömuleiðis undirbúnar með það að markmiði að öll símanúmer lögreglu yrðu í sömu númeraröð innan IP-símstöðvar lögreglunnar. Þá var samið við auglýsingastofuna Brandenburg um hönnun á bréfsefni fyrir lögregluna og samræmdri merkingu lögreglustöðva.

Samhæfingarstöðin

Eftir gagngerar breytingar á uppbyggingu og skipulagi Samhæfingarstöðvarinnar í Skógarhlíð (*SS7*) var haldið áfram að þjálfva áhöfn stöðvarinnar á árinu 2014 með námskeiðum í samhæfingu og stjórnun aðgerða. Á námskeiðunum voru fyrirlestrar um SÁBF-kerfið sem er grunnkerfi í neyðarstjórn og meðferð og miðlun upplýsinga í aðgerðum. Einungis þeir sem hafa hlotið þessa þjálfun geta unnið í Samhæfingarstöðinni. Alls hafa rúmlega 100 manns hlotið slíka þjálfun. Einnig var æfing á viðbrögðum við náttúruhamförum þar sem þjálfað var verklag og samhæfing í Samhæfingarstöðinni. Þessi þjálfun kom sér vel þegar jarðhræringar í Bárðarbungu hófust um miðjan ágúst en þá var stöðin virkjuð með fullri áhöfn.

Jarðhræringar og eldgos

Starfsmenn almannavarnadeildarinnar tókust á við mörg krefjandi verkefni í tengslum við jarðhræringar og eldgos á árinu. Allt frá því óvissustigi var lýst yfir um miðjan ágúst til loka ársins var unnið sleitulaust með viðbúnað og viðbrögð að leiðarljósi vegna jarðhræringanna í Bárðarbungu. Viðbúnaður í Samhæfingarstöðinni beindist aðallega að hugsanlegum flóðum og öskufalli vegna eldgoss undir jökli og hættulegum gastegundum frá eldgosinu í Holuhrauni. Öflugur fréttaflutningur var af atburðinum bæði innanlands og utan.

Rannsóknarverkefni

Í júní skilaði almannavarnadeildin af sér skýrslunni *Report on forensic analysis of the Eyjafjallajökull and Grímsvötn communication and risk management response across Europe*, sem er hluti af FutureVolc-verkefninu. Skýrslan var unnin í samvinnu við vísindamenn Háskóla Íslands, Veðurstofu Íslands og Jarðvísindastofnunar Bretlands. Í henni er gerð grein fyrir viðamikilli rannsókn á samskiptum helstu hagsmunaaðila á Íslandi og í Evrópu í tengslum við eldgosin tvö, árin 2010 og 2011. Niðurstaða skýrslunnar er m.a. að vel megi bæta samskipti opinberra stofnana, vísindamanna og fyrirtækja í náttúruhamförum sem hafa áhrif þvert á landamæri evrópskra ríkja. Í skýrslunni er sérstakur kafli með þeim úrbótum sem æskilegt væri að ráðast í. Hluti þeirra úrbóta fellur undir FutureVolc-verkefnið og mun koma til framkvæmda fyrir lok verkefnisins sumarið 2016.

Almannavarnadeildin tekur þátt í stóru samnorrænu rannsóknarverkefni NORDRESS (*Nordic Centre of Excellence on Resilience and Societal Security*) sem norræni rannsóknarsjóðurinn NordForsk styrkir. Lögð er áhersla á að rannsaka áfallapol íbúa vegna hættu af ýmsum toga, m.a. upplifun og viðbúnað íbúa í samfélögum á Norðurlöndum.

Þá hefur almannavarnadeildin tekið þátt í verkefni, sem Rauði krossinn á Íslandi leiðir, um móttöku erlendrar neyðaraðstoðar. Á málþingi sem haldið var í mars kom m.a. fram að ýmis íslensk lög og reglugerðir virka hamlandi á komu alþjóðlegs hjálparliðs til landsins á neyðartímum m.a. vegna vegabréfsáritana, tímabundinna atvinnuleyfa, tolla, matvæla- og lyfjainnflutnings og innflutnings á dýrum.

Gerð viðbragðsáætlana


Tafla 5. Yfirlit yfir viðbragðsáætlanir árið 2014.

Staðsetning	Tegund	Ný/uppfærð
Vopnafjörður	Flugslysaáætlun	Uppfærð
Reykjavík	Hópslysaáætlun fyrir Hvalfjarðargöng	Uppfærsla
Bíldudalur	Flugslysaáætlun	Uppfærsla
Húsavík	Jarðskjálftaáætlun	Í vinnslu
Suðurland, Austurland, Norðurland eystra	Eldgos undir jökli	Í vinnslu
Faxaflóahafnir	Viðbragðsáætlun vegna farþegaskipa	Í vinnslu
Öll umdæmi	Viðbragðsáætlanir vegna stórfelldra ofbeldisverka	Í vinnslu
Norðurlönd	Samnorræn lögregluviðbragðsáætlun	Í vinnslu
Grænland	Samskiptaáætlun stjórnstöðva v/stórslysa á Grænlandi	Í vinnslu

Starfsemi fjarskiptamiðstöðvar

Markmið fjarskiptamiðstöðvar er að veita bestu þjónustu sem völ er á og tryggja eins stuttan viðbragðstíma og hægt er. Þjálfun starfsmanna er stór hluti af því ferli og var haldið áfram þjálfun varðandi verkþætti innan Samhæfingarstöðvar almannavarna á árinu 2014. Það er eitt af samstarfsverkefnum deilda innan embættis ríkislögreglustjóra. Talsvert var unnið í tæknimálum og voru tölvur endurnýjaðar auk þess sem hugað var að ýmsu sem lýtur að starfsumhverfi. Stjórnun fyrstu aðgerða er í höndum starfsmanna fjarskiptamiðstöðvar þar til ljóst er hver tekur við stjórnun aðgerða hjá viðkomandi lögregluembætti. Það ferli er í stöðugri framför og verklag verður sífellt skilvirkara.


Á mynd 1 má sjá að verkefnatengdum símtölum til lögreglu í gegnum 112 fækkaði um 8% milli árana 2013 og 2014 (sjá mynd 1).



Mynd 1. Fjöldi símtala til fjarskiptamiðstöðvar eftir árum.

Starfsemi sérsveitar


Alls var skráð 341 verkefni árið 2014, þar af 173 sérsveitarverkefni. Af þeim voru sérsveitarmenn vopnaðir skotvopnum í 79 tilfellum. Verkefnin eru skráð í verkefnaflokka og hvert verkefni getur haft fleiri en einn flokk. Þá veitti sérsveit tilteknum embættum og stofnunum kennslu og þjálfun á árinu. Sjá nánar á mynd 2.



Mynd 2. Fjöldi sértækra verkefna sérsveitarinnar eftir eðli verkefna árið 2014.

Almenn löggæsluverkefni

Samtals voru skráð 3.010 almenn lögregluverkefni sem sérsvaitin vann árið 2014 til viðbótar við sértæk verkefni hennar. Flest verkefni sneru að hefðbundnum handtökum, heimilisofbeldi og eftirliti. Sjá nánari skiptingu á mynd 3.



Mynd 3. Fjöldi almennra löggæsluverkefna sérsvaitarinnar eftir eðli verkefna árið 2014.

Starfsemi alþjóðadeildar

Líkt og fyrri ár voru verkefni tengd starfssviði alþjóðadeildar fleiri, umfangsmeiri og tímafrekari en áður. Enn er unnið að því að að efla innviði deildarinnar t.a.m. með aukinni þekkingu, virkri þátttöku í samstarfi og umbótastarfi á ýmsum sviðum. Samhliða hefur verið hafin vinna við að kynna starfsemi deildarinnar og þá aðstoð og þjónustu sem hún getur veitt lögreglu og öðrum samstarfsaðilum.

Helstu áherslur í starfsemi alþjóðadeildar

Alþjóðawiki, gagnvirkur upplýsingabrunnur sem þjónar bæði starfsmönnum deildarinnar sem og öllum lögreglumönnum og samstarfsaðilum, var opnaður formlega á árinu 2014 en með honum er upplýsinga og þekkingarstjórnun innan lögreglunnar færð á næsta

stig. Áfram verður unnið að því að efla Alþjóðawiki samhliða því að skilgreina ferla sem lúta að beiðnum um þjónustu og aðstoð deildarinnar og afgreiðslu þeirra verkefna, t.a.m. með rafrænum lausnum.

Á árinu var tekið til við að halda kynningar á starfsemi alþjóðadeildar, Alþjóðawiki og Europol (*European Police Office*). Til stendur að fjölga slíkum kynningum samhliða því sem deildin vinnur áfram að því að halda vinnu- og kynningarfundum með helstu samstarfsaðilum í þágu þess að efla gagnkvæma þekkingu og samstarf.

Sérstaklega var unnið að því að efla starfsemi tengslaskrifstofu Europol í þeim tilgangi að nýta frekar þá möguleika og úrræði sem Europol-samstarfið færir íslensku lögreglunni og helstu samstarfsaðilum hennar. Samstarfsamningur ríkislögreglustjóra, sérstaks saksóknara, tollstjóra og lögreglustjóranna á höfuðborgarsvæðinu og á Suðurnesjum um fasta viðveru tengslafulltrúa hjá Europol er afar mikilvægur þáttur löggæslunnar og á sviði alþjóðlegs samstarfs.

Menntun og þjálfun starfsmanna alþjóðadeildar

Í þágu þess að viðhalda og auka viðurkennda menntun og þjálfun starfsmanna sóttu sex starfsmenn fimm námskeið sem m.a. voru á sviði lögreglufylgda, erlendra upplýsinga og samskiptakerfa og tengd skipulagi og starfsemi samstarfsaðila. Að auki hafa starfsmenn sótt menntun og þjálfun í gegnum vefnámskeið hjá Evrópska lögregluskólanum, CEPOL, og öðrum samstarfsaðilum.

Tækja- og tæknimál alþjóðadeildar

Á árinu var tekið í notkun nýtt kerfi fyrir Eurodac-samstarfið. Rekstur og notkun þeirra upplýsinga- og samskiptakerfa sem deildin hefur aðgang að er í sífelldri framþróun. Af þeim sökum á alþjóðadeild á hverju ári talsverða samvinnu og samskipti við innlenda og erlenda samstarfsaðila.

Verkefni alþjóðadeildar árið 2014

Innkomin og afgreidd erindi hjá alþjóðadeild skiptu þúsundum. Stærstur hluti erinda er afgreiddur að fullu innan alþjóðadeildar en hluta þeirra er miðlað til afgreiðslu hjá hlutaðeigandi samstarfsaðilum og viðskiptavinum.

Starfsemi greiningardeildar

Alþjóðlegt samstarf við erlendar öryggisstofnanir og lögreglulið var líkt og áður eitt helsta verkefni greiningardeildar árið 2014. Má þar helst nefna Europol, norrænar lögreglu- og öryggisstofnanir, Bandarísku alríkislögregluna (FBI) og Leyniþjónustu Bandaríkjanna (CIA). Mikilvægur liður í því samstarfi er viðleitni til að hefta umsvif skipulagðra glæpahópa hér á landi. Þá var unnin skýrsla í samstarfi við tollgæslu um vopn og vopnainnflutning og tveir starfsmenn greiningardeildar komu að vinnu við gerð löggæsluáætlunar fyrir innanríkisráðuneytið. Fjöldi verkefna greiningardeildar voru samtals 434 árið 2014, þar af 17 bakgrunnsskoðanir vegna flugverndar sem er töluverð fækkun frá árinu áður en þá voru þær 660. Fækkun kemur til af því að árið 2014 færðust bakgrunnssathuganir vegna flugverndar til lögreglunnar á Suðurnesjum (sjá töflu 6).

Tafla 6. Fjöldi verkefna greiningardeildar árið 2014.

Verkefni	2014	2013
Bakgrunnssathuganir vegna flug- og siglingaverndar	17	660
Öryggisvottanir vegna NATO-samstarfsins	244	271
Önnur tilfallandi mál	173	131
Alls	434	1.062

Auk þessara mála gerði greiningardeild nokkrar ógnargreiningar vegna komu félaga í erlendum mótörhjólagengjum sem og hættumat vegna starfa landhelgisgæslunnar við Miðjarðarhaf. Þar að auki voru fjölmargar ógnargreiningar unnar vegna komu erlendra gesta til Íslands.

Kennslanefnd

Ríkislögreglustjóri ákvað árið 2014 að efla starf kennslanefndar verulega. Endurskipað var í nefndina og nefndarmönnum fjölgað. Keyptur var nauðsynlegur búnaður og fræðsla um kennslanefndarstörf eflað. Einnig var myndaður stuðningshópur til að styrkja nefndina þegar stórir atburðir verða.

Í lok ársins hófst undirbúningur vegna fyrstu vettvangsæfingar sem sniðin er sérstaklega að kennslanefnd. Slík æfing er ráðgerð vorið 2015. Að auki voru undirbúin á árinu fjölmörg skref sem taka þarf árið 2015 til að efla frekar nefndina bæði hvað varðar verklag og búnað.

Á árinu 2014 komu fimm mál einstaklinga til úrlausnar hjá kennslanefnd.

Peningaþvætti

Peningaþvættisskrifstofu ríkislögreglustjóra bárust 453 peningaþvættistilkynningar árið 2014 frá íslenskum tilkynningarskyldum aðilum (fjármálastofnunum, fyrirtækjum í greiðsluþjónustu, og öðrum aðilum) og fjórar frá erlendum peningaþvættisskrifstofum. Þá bárust 27 fyrirspurnir og önnur erindi frá erlendum peningaþvættisskrifstofum, Interpol og Egmont Group.

Af 453 tilkynningum var 186 miðlað til lögreglu og embættis sérstaks saksóknara, níu tilkynningar voru sendar til erlendra peningaþvættisskrifstofa og sex tilkynningar til annarra aðila. Í tengslum við 22 tilkynningar óskaði skrifstofan eftir frekari gögnum frá tilkynningarskyldum aðilum. Samanlagðar fjárhæðir allra tilkynninga námu um 6.000.000.000 kr.

Við athugun á frumbrotum í innsendum tilkynningum kemur í ljós að í flestum tilvikum er um skattabrot bæði einstaklinga og lögaðila að ræða en næst koma fjársvik og annars konar efnahags- og auðgunarbrot auk fíkniefnamála. Er þetta sambærilegt við það sem þekktist hjá aðildarríkjum Europol en þar eru vísbendingar um að allt að 70% allra brota séu hagnaðardröfin.

Skjalastýring og móttaka

Í febrúar 2014 var stofnuð ný deild innan stjórnisýslusviðs ríkislögreglustjóra, skjalastýring og móttaka, sem áður var hluti þróunar og mannauðsdeildar. Verkefni skjalastýringar og móttöku á árinu voru m.a. að móta nýjar verklagsreglur um skjalastjórn og gerð nýs málalýkils. Verklagsreglur um skjalastjórn voru samþykktar í september 2014 og eru aðgengilegar í handbók RLS. Þá samþykkti Þjóðskjalasafn Íslands í desember 2014 nýjan málalýkil fyrir embættið til næstu fimm ára.

Þróun afbrota

Í júní 2014 var gefin út skýrslan Afbrotatölfræði 2013 þar sem birtar voru staðfestar tölur um afbrot greind eftir brotaflokkum og lögregluembættum auk upplýsinga um magn fíkniefna sem lagt var hald á (sjá töflu 7). Afbrotatíðindi eru birt mánaðarlega á vef lögreglunnar og eru þau stuttar samantektir um brot í hverjum mánuði auk annarrar greiningar á brotum tengdum málefnum líðandi stundar.

Tafla 7. Fjöldi brota árið 2013 miðað við meðaltal árána á undan, eftir brotaflokkum.

Brotaflokkur	Meðaltal	
	2010–2012	2013
Ofbeldisbrot	1.132	1.188
Kynferðisbrot	336	731
Auðgunarbrot	7.369	6.014
Fíkniefnabrot	1.785	2.183
Umferðarlagabrot	46.835	37.320
Eignaspjöll	2.497	1.817
Nytjastuldur	376	221
Brot gegn friðhelgi einkalífs	574	565
Skjalafals	275	212
Brot gegn áfengislögum	696	710
Brot gegn valdstjórninni	318	321
Önnur brot	2.155	1.973

Haustið 2013 setti embætti ríkislögreglustjóra ásamt ríkislögreglustjórunum í Svíþjóð, Danmörku, Finnlandi og Noregi á laggirnar starfshóp sem kanna átti grundvöll fyrir útgáfu samnorrænar afbrotatölfræði. Hópurinn tók til starfa í lok árs 2013 og í kjölfar vinnu þessa hóps árið 2014 er nú stefnt að því að gefa árlega út skýrslu um afbrotatölfræði á Norðurlöndum. Stefnt er að því að fyrsta skýrslan komi út á fyrri hluta árs 2015. Á árinu 2014 kannaði Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands reynslu landsmanna af afbrotum og viðhorfi til lögreglu að beiðni embættis ríkislögreglustjóra og embættis lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu. Niðurstöður könnunarinnar á landsvísu voru birtar í skýrslu ríkislögreglustjóra í október 2014.

Sérstakt umferðareftirlit

Embætti ríkislögreglustjóra voru veittar 52 milljónir króna árið 2014 til verkefnis um sérstakar aðgerðir sem eiga að leiða til fækkunar slysa og minni byrða samfélagsins sökum þeirra. Skiptist fjármagnið þannig að til sérstaks umferðareftirlits var varið 33 milljónum og tóku 13 lögregluembætti þátt í eftirlitinu frá maí og fram til september. Sérstaklega var fylgst með hraðakstri og áhersla lögð á vegi þar sem Vegagerðin hefur greint áhættusama kafla. Jafnframt því voru gerðar athugasemdir við önnur umferðarlagabrot sem uppgötvuðust í eftirlitinu. Alls voru brotin 1.913, þar af 1.790 vegna hraðaksturs þ.e. tæp 94%. Önnur brot voru 123. Sérstakt umferðareftirlit vegna ölvunar fór fram í desember og tóku fjögur lögregluembætti þátt í því. Fimm milljónum króna var ráðstafað til þessa verkefnis.

Stafrænar hraðamyndavélar

Fyrstu hraðamyndavélarinnar hér á landi, tvær að tölu, voru settar upp í Hvalfjarðarsveit í júlí 2007. Frá þeim tíma hefur 17 myndavélum verið bætt við.

Tafla 8. Skráð hraðakstursbrot árin 2012-2014.

Ár	Skráð brot	% skráðra brota	Meðalfjöldi brota á dag	Virkar myndavélar
2012	18.887	59,8 %	52	17
2013	13.047	53,8%	36	18
2014	26.375	70,6%	72	19

Starfsmenn lögreglu

Fjöldi lögreglumanna við störf 1. febrúar 2014

Tafla 9. Fjöldi lögreglumanna 1. febrúar 2014, greindur eftir starfsstigi og embættum.

Umdæmi/embætti	Yfirlögregluþjónn	Aðstoðaryfirlögregluþjónn	Aðalvarðstjóri	Lögreglufulltrúi	Varðstjóri	Rannsóknarlögreglumaður	Lögreglumaður	Samtals starfandi lögreglumenn	Afleysingamaður	Héradslögreglumaður	Alls
Akranes	1	0	0	1	2	2	4	10	0	0	10
Akureyri	1	0	2	1	6	5	16	31	0	2	33
Blönduós	1	0	0	0	3	0	2	6	0	6	12
Borgarnes	1	0	1	0	2	0	3	7	0	8	15
Eskifjörður	1	0	0	1	4	0	7	13	0	0	13
Húsavík	1	0	0	0	3	0	4	8	0	5	13
Hvolsvöllur	1	0	0	0	2	0	6	9	0	0	9
Höfuðborgarsvæðið	3	8	8	23	53	92	112	299	0	0	299
Lögregluskólinn	2	0	0	5	0	0	0	7	0	0	7
Ríkislögreglustjórinn	2	8	16	9	18	0	22	75	0	0	75
Sauðárkrókur	1	0	0	0	2	0	5	8	0	0	8
Selfoss	1	1	0	1	4	3	12	22	0	0	22
Seyðisfjörður	1	0	0	1	2	0	3	7	0	6	13
Sérstakur saksóknari	2	0	0	30	0	1	0	33	0	0	33
Snæfellsnes	1	0	0	1	2	0	3	7	1	0	8
Suðurnes	1	3	6	7	16	14	38	85	1	0	86
Vestfirðir	1	1	0	1	4	1	10	18	0	0	18
Vestmannaeyjar	1	0	0	1	4	0	2	8	0	0	8
Samtals	23	21	33	82	127	118	249	653	2	27	682

Tafla 10. Fjöldi lögreglumanna 1.febrúar 2014, greindur eftir starfsstigi og kyni.

Starfsstigi	Karl	Kona	Samtals	Hlutfall karla	Hlutfall kvenna
Yfirlögregluþjónn	23	0	23	100,0%	0,0%
Aðstoðaryfirlögregluþjónn	20	1	21	95,2%	4,8%
Aðalvarðstjóri	31	2	33	93,9%	6,1%
Lögreglufulltrúi	67	15	82	81,7%	18,3%
Varðstjóri	121	6	127	95,3%	4,7%
Rannsóknarlögreglumaður	99	19	118	83,9%	16,1%
Lögreglumenn	209	40	249	83,9%	16,1%
Samtals	570	83	653	87,3%	12,7%
Héraðslögreglumaður	23	4	27	85,2%	14,8%
Afleysingamaður	2	0	2	100,0%	0,0%
Samtals	595	87	682	87,2%	12,8%

Fjöldi borgaralegra starfsmanna við störf 1. febrúar 2014

Tafla 11. Fjöldi borgaralegra starfsmanna við störf 1. febrúar 2014, greindur eftir starfsstigi og kyni.

Starfstíll	Karl	Kona	Samtals	Hlutfall karla	Hlutfall kvenna
Ríkislögreglustjóri	1	0	1	100,0%	0,0%
Lögreglustjóri/Skólastjóri/Sérstakur saksóknari	12	4	16	75,0%	25,0%
Aðstoðarlögreglustjóri	2	0	2	100,0%	0,0%
Sviðsstjóri/framkvæmdastjóri	3	2	5	60,0%	40,0%
Skrifstofustjóri	3	5	8	37,5%	62,5%
Deildarstjóri	2	3	5	40,0%	60,0%
Saksóknari	2	1	3	66,7%	33,3%
Aðstoðarsaksóknari	4	6	10	40,0%	60,0%
Saksóknarafulltrúi/Löglærður fulltrúi/Lögfræðingur	19	30	49	38,8%	61,2%
Sérfræðingur	27	21	48	56,3%	43,8%
Skrifstofumaður	6	81	87	6,9%	93,1%
Fangavörður	5	1	6	83,3%	16,7%
Ræsting	0	13	13	0,0%	100,0%
Umsjónarmaður	6	0	6	100,0%	0,0%
Samtals	92	167	259	35,5%	64,5%

Félagastuðningur og handleiðsla

Öll lögregluembætti landsins starfa eftir verklagi félagastuðnings. Þau tryggja að hugað sé að starfsfólki og að haldnir séu viðrunarfundir í kjölfar streituvekjandi verkefna. Stuðningur fagfólks er mikilvægur þáttur í félagastuðningskerfi lögreglunnar og árið 2014 fengu 67 starfsmenn greidda sálfræðiþjónustu í gegnum félagastuðningskerfið. Sálfræðingar sálfræðiþjónustunnar Líf og sál sinntu flestum starfsmönnum samkvæmt samningi en lögreglumönnum er einnig heimilt að velja sér handleiðanda sem hefur starfsleyfi frá Landlæknisembættinu. Síðastliðin ár hafa, auk sálfræðinga, geðlæknar, fjölskylduráðgjafar og prestar veitt lögreglumönnum stuðning í gegnum tilvísanakerfi félagastuðningsins sem er í umsjón sálfræðings embættis ríkislögreglustjóra. Hlutfall þess að lögreglumenn sæktust eftir sálfræðiþjónustu jókst umtalsvert milli ára en þá aukningu má að mestu leyti skýra með reglubundinni handleiðslu rannsóknarlögreglumanna og saksóknara sem vinna að rannsókn og saksókn kynferðisbrotamála.

Í nóvember var haldið námskeið í framhaldsdeild Lögregluskólans fyrir stjórnendur í lögreglu til að þjálfá þá í að styðja starfsfólk sitt og halda viðrunarfundi. Þá fór einnig fram þjálfun í streitu- og tilfinningastjórn í grunnnámi skólans.

Skilvirk úrræði fyrir þolendur kynferðisbrota

Samráðshópur forsætisráðherra um samhæfða framkvæmd stjórnvalda við að tryggja skilvirk úrræði fyrir þolendur kynferðisbrota, einkum börn, óskaði eftir tillögum frá embætti ríkislögreglustjóra um reglubundna handleiðslu við starfsfólk sem sinnir rannsóknum og saksókn á kynferðisbrotum gegn börnum. Samráðshópurinn fór að tillögum embættisins og lagði til að umsjón með skipulagi handleiðslunnar yrði í höndum sálfræðings embættis ríkislögreglustjóra til að unnt væri að tryggja faglega handleiðslu með kröfulýsingu gagnvart sjálfstætt starfandi sálfræðingum, sem sinna handleiðslunni. Á fjárlögum ársins 2014 fékkst fjárveiting til verkefnisins og var þeirri fjárveitingu ráðstafað í námskeið og einstaklingsþjónustu skv. samningi sem var undirritaður við sálfræðistofuna Líf og sál. Sálfræðingurinn Gary S. Aumiller PhD. var fenginn hingað til lands til að halda námskeið á vegum ríkislögreglustjóra þann 15. maí. Einnig var hann með námskeið að

morgni 16. maí fyrir sálfræðinga og opinn hádegisfyrirlestur fyrir alla starfandi lögreglumenn sama dag. Markmið námskeiðsins var að búa þátttakendur undir að takast á við álagsþætti tengda rannsóknum á kynferðisbrotum. Með fræðslu um helstu álagsþætti og algeng viðbrögð við þeim er hægt að draga úr áhrifum álagsins. Einnig var farið yfir hagnýtar leiðir til að viðhalda heilbrigðum lífsháttum.

Jafnréttismál lögreglunnar

Jafnréttisnefnd lögreglunnar hélt einn fund árið 2014 og í október hitti nefndin jafnréttisfulltrúa lögreglustjóraembættanna á sínum árlega fundi. Í maí setti ríkislögreglustjóri á stofn fimm manna utanaðkomandi fagráð sem taka á til umfjöllunar mál er varða beina og óbeina mismunun, kynbundna áreitni, kynferðislega áreitni, kynbundið ofbeldi og einelti innan lögreglunnar. Þá skilaði starfshópur á vegum ríkislögreglustjóra af sér tillögum að samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða í stefnumótun og ákvörðunum lögreglunnar. Aðgerðaráætlun í jafnréttismálum var gefin út í október og er hér að finna hluta þeirra aðgerða sem vinna er hafin við:

- vinna við feril um mannauðsmál í rafrænni upplýsingaöflun
- unnið að því að samræma verklagsreglur um einelti fyrir bæði starfsmenn og yfirmenn
- unnið að undirbúningi námskeiðs í stjórnendapjálfun innan lögreglunnar
- jafnréttisnefnd lögreglunnar hóf vinnu við endurskoðun á jafnréttis- og framkvæmdaáætlun lögreglunnar
- endurskoðun á siðareglum lögreglunnar

Viðburðir, ráðstefnur og erlent samstarf

1. **Árlegur fundur yfirmanna sérsveita á Norðurlöndum, í Svíþjóð í mars.** Mikilvægur vettvangur fyrir sameiginleg málefni sérsveitanna á sviði þjálfunar, búnaðar og skipulags.
2. **Ráðstefna í Osló, í mars.** Samnorræn ráðstefna um hryðjuverk og viðbrögð við þeim.
3. **Námskeið, nóvember í Þýskalandi.** Á þessu námskeiði var fjallað um eld og reyk í aðgerðum lögreglusérsveita.
4. **Námskeið fyrir riffilskyttur sérsveita á Norðurlöndum, í Finnlandi í nóvember.** Allar sveitirnar tóku þátt í námskeiðinu auk þýsku sérsveitarinnar GSG9 og riffilskyttna frá danska sjóhernum.
5. **Námskeið á vegum CEPOL, í september.** Námskeiðið fjallaði um mannfjöldastjórnun og skipulag og stjórnun stórra viðburða.
6. **Námskeið í slysaþjálfun, í Þýskalandi í júní.** Námskeiðið var á vegum þýskrar lögreglusérsveitar þar sem viðfangsefnið var stórir áverkar vegna sprenginga og skotsára.
7. **Námskeið, í Kanada í apríl.** Námskeið um sprengjuþvingu sem fór fram í lögregluháskólanum í Ottawa.
8. **Samnorrænt námskeið, í Finnlandi í mars.** Námskeið í valdbeitingu lögreglu og sjálfsvörn haldið á vegum sérsveitar finnsku lögreglunnar.
9. **Námskeið í leitar- og björgunarköfun, í Noregi í febrúar.** Námskeiðsferðin var farin í samvinnu við Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins. Þrír kafarar frá sérsveitinni sóttu námskeiðið.
10. **„ZERO TOLERANCE“ Málþing um ofbeldi, í Reykjavík í september.** Haldið á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar, innanríkisráðuneytisins og velferðarráðuneytis ásamt Jafnréttisstofu.
11. **Alþjóðaráðstefna Association of European Threat Assessment Professionals, í Stokkhólmi í apríl.** Markmið ferðarinnar var að afla þekkingar á hættumati í tilfellum ofbeldis í nánum samböndum og í tilvikum eltihrells (e. *stalking*).
12. **CEPOL-námskeið, European Medical and Psychological Experts' Network for Law Enforcement (EMPEN), í Búdapest í ágúst.**

Markmið ferðarinnar var að afla þekkingar á sviði streitustjórnunar og félagastuðnings.

13. **Fundur Nordic Network for Research in Psychology and Law (NNPL), í Osló í nóvember.** Framlag embættisins var erindi um könnun meðal almennings á því að verða fyrir eltihrell (e. *stalking*).
14. **Ráðstefna á sviði löggæslumála, í Kaupmannahöfn í október.** Markmið ferðarinnar var að auka víðsýni og miðla fróðleik til starfsmanna.
15. **Vinnuhópur um samnorræna afbrotatölfræði, í Kaupmannahöfn í apríl.** Á þessum fundi var úttekt tölfræðiupplýsinga samræmd þannig að unnt væri að gefa út samanburðarhæfa tölfræði milli Norðurlandanna.
16. **Almannavarnanefndarfundir á vegum Evrópusambandsins, í Brussel í febrúar, júní og október.** Samstarf ESB-ríkjanna í málefnum almannavarna
17. **EFTA-fundir - vinnuhópur í almannavörnum, í Belgíu í febrúar og október.** Samstarf EFTA-ríkjanna í málefnum almannavarna
18. **Námskeið og þjálfun í almannavarnastarfi á vegum Evrópusambandsins víða um Evrópu.** Þjálfun íslenskra viðbragðsaðila í viðbúnaði og viðbrögðum við hamförum.
19. **Æfing á vegum almannavarna Evrópusambandsins, í Danmörku í júní.** Þjálfun og vottun alþjóðabjörgunarsveitar Landsbjargar.
20. **Nordred-fundur, í Finnlandi í maí.** Norrænt samstarf aukið í tengslum við Nordred-björgunarsamninginn.
21. **Sérfræðingaskipti á vegum ESB til Íslands, í apríl og ágúst (*Exchange of experts*) - sérfræðingar frá Svíþjóð, Bretlandi, Ítalíu og Grikklandi.** Mannskiptaáætlun almannavarnaskipulags Evrópusambandsins um þekkingarmiðlun milli Evrópulanda í almannavörnum.
22. **Sérfræðingaskipti á vegum ESB frá Íslandi og Þýskalandi, í mars (*Exchange of experts*).** Þjálfun og mannskipti Evrópusambandsins um þekkingarmiðlun milli Evrópulanda í almannavörnum.
23. **Markviss upplýsingasamskipti, norrænt samstarf (HAGA), á Íslandi í febrúar, maí og júní.** Samvinna Íslands og Norðurlanda samkvæmt samþykkt innanríkisráðherra Norðurlanda.

24. **Námskeið í áhættugreiningu, norrænt samstarf (HAGA), í Danmörku í apríl.** Samvinna Íslands og Norðurlanda samkvæmt samþykkt innanríkisráðherra Norðurlanda.
25. **Fundur yfirmanna almannavarna á Norðurlöndum, í Svíþjóð í júní.** Samstarf Norðurlanda á sviði almannavarna.
26. **Sjóbjörgunarráðstefna, í Gautaborg í júní.** Aukin þekking viðbragðsaðila á sjóbjörgun.
27. **FutureVolc – ráðstefna, á Ítalíu í apríl.** Þáttur í kynningu á rannsóknarverkefni í FutureVolc.
28. **Krisgis – ráðstefna, á Íslandi í október.** Samvinna Norðurlanda í landfræðilegum upplýsingakerfum.
29. **Námskeið – Strategísk krisehændering, í Noregi í maí.** Kynning á stjórnkerfi Norðmanna í neyðarviðbragðsmálum og stjórnun neyðaraðgerða á efsta stjórnstigi.
30. **Samráðsfundur aðildarlanda Schengen, í Belgíu í febrúar, mars, september, nóvember og desember.** Á fundunum var fjallað um rekstur og notkun upplýsinga- og samskiptakerfa Schengen.
31. **Árlegur samráðsfundur stjórnenda tengslaskrifstofa Interpol, í Frakklandi í apríl.** Á fundinum var farið yfir starfsemi og verkefni Interpol og samstarfslandanna í því skyni að efla tengsl og samvinnu.
32. **Samráðsfundur Europol og aðildarlanda, í Hollandi í apríl og desember.** Rætt um rekstur og notkun upplýsinga- og samskiptakerfa Europol.
33. **Samráðsfundur Frontex, í Póllandi í maí og á Ítalíu í desember.** Á fundunum var farið yfir verkefni Frontex er snýr að endursendingu hælisleitenda og samstarf og samvinnu aðildarlandanna á því sviði.
34. **Samráðsfundur stjórnenda SIRENE-skrifstofa, í Grikklandi í júní og á Ítalíu í október.** Á fundunum var farið yfir starfsemi og verkefni SIRENE-skrifstofanna í því skyni að efla tengsl, auka samvinnu og vinna að framþróun.
35. **Samráðsfundur stjórnenda tengslaskrifstofa Europol, í Hollandi í janúar, apríl, september og október.** Á fundunum var farið yfir starfsemi og verkefni Europol og samstarfslandanna í því skyni að efla tengsl og auka samvinnu.
36. **Árlegur fundur landstengiliða vegna fótboltabullna (e. hooliganism), í Póllandi í september.** Á fundinum var farið yfir

skipulag og verkefni aðildarríkjanna vegna öryggismála í tengslum við knattspyrnuleiki.

37. **Árlegt allsherjarþing Interpol, í Mónakó í nóvember.** Fundur æðstu yfirmanna Interpol samhliða fundi ráðherra aðildarlandanna.
38. **Árlegur samráðsfundur Norðurlandanna, á Íslandi í október.** Á fundinum var farið yfir samstarf Norðurlandanna á sviði toll- og löggæslu, þau verkefni sem unnið er að í því skyni að efla samvinnu, tengsl og stuðning. Fjallað var um samvinnu lögreglu og tollgæslu.
39. **Árlegur fundur í Hollandi í apríl vegna peningaþvættis og fjármögnunar hryðjuverka.** Fulltrúar aðildarríkjanna og viðkomandi stofnana komu saman til að fara yfir starfsemi næstliðins árs, rædd voru einstök og athyglisverð mál, sem hafa verið til rannsóknar og nýjar aðferðir við peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.
40. **Árþriðjungslegur fundur hjá FATF (Financial Action Task Force – The FATF Plenary), í Frakklandi í okóber.** Að beiðni innanríkisráðuneytisins sótti fulltrúi peningaþvættisskrifstofunnar fund hjá FATF. Á vettvangi FATF Plenary er fylgni ríkja við tilmæli FATF rædd og ákvarðanir teknar um viðbrögð.
41. **Norræn fundur yfirmanna miðlægra greiningardeilda lögreglu og tollgæslu, í Svíþjóð í febrúar og í Reykjavík í september.** Á þessum fundum var fjallað um norrænt samstarf á sviði greiningarvinnu lögreglu og tollgæslu vegna skipulagðrar glæpastarfsemi á Norðurlöndunum. Farið var yfir helstu verkefni og rannsóknir sem eru í gangi. Einn fulltrúi greiningardeildar ríkislögreglustjóra sótti fundina.
42. **Norrænn fundur um vitnavernd, í Noregi, í maí.** Á þessum fundi var rætt það sem hæst ber í vitnaverndarmálum á Norðurlöndunum. Farið var yfir einstök mál og þær aðferðir sem beitt er á þessum vettvangi. Einn fulltrúi greiningardeildar sótti fundinn.
43. **Norrænn fundur um samstarf rannsóknadeilda lögreglu og tollgæslu á Norðurlöndunum sem rannsaka skipulagða glæpastarfsemi, í Svíþjóð, í júní og í Noregi í desember.** Fulltrúi frá greiningardeild ríkislögreglustjóra auk fulltrúa frá lögreglustjóranum á Suðurnesjum sóttu fyrri fundinn og fulltrúi frá

greiningardeild ríkislögreglustjóra auk fulltrúa frá lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu og lögreglustjóranum á Suðurnesjum sóttu seinni fundinn.

- 44. Samstarfshópur lögreglu í Evrópu um varnir gegn hryðjuverkum, í Genf í júní og á Möltu í nóvember.** Um er að ræða samstarf 31 þjóðar auka Europol á vettvangi varna gegn hryðjuverkum. Markmiðið er að efla bein tengsl Evrópuþjóða á sem skilvirkastan hátt. Einn fulltrúi greiningardeildar sótti fundina.
- 45. Námskeið í notkun greiningarforrits (iBase) hjá Europol, í Haag í apríl.** Tveir starfsmenn greiningardeildar ásamt fulltrúum frá sérstökum saksóknara, lögreglunni á Höfuðborgarsvæðinu, lögreglunni á Suðurnesjum, lögreglunni á Akureyri og sérveit RLS sóttu námskeiðið. Markmiðið var að efla færni og þekkingu á notkun forritsins. Forritið nýtist lögreglu m.a. vegna greiningarvinnu á skipulagðri brotastarfsemi.
- 46. Námskeið í samstarfi við norsku kennslanefndina og Lögregluskólann, í Reykjavík í ágúst.** Námskeiðið fjallaði um helstu þætti kennslanefndastarfsins. Námskeiðið sóttu, auk aðal- og varamanna kennslanefndar, 30 lögreglumenn frá sex umdæmum og fékk það mjög góða einkunn í innra mati að því loknu.
- 47. Norrænn kennslanefndafundur, í Noregi í september.** Þátttakendur voru lögreglumenn, réttarlæknar, réttartannlæknar, DNA-sérfræðingar og aðrir sérfræðingar sem koma að starfsemi kennslanefnda. Fundinn og æfinguna sóttu þrír kennslanefndarmenn frá Íslandi.

Summary in English

- In December 2014 the National Commissioner of the Icelandic Police published HR strategy for all the police.
- The National Commissioner of the Icelandic Police published updated procedures on domestic violence, as well as implementing risk assessment in intermate partner violence cases.
- The National Commissioner of the Icelandic Police had a staff of 124, thereof 86 policemen and 38 civil staff.
- The number of employed policemen in Iceland on the 1st of February 2014 was 682, thereof were 87 women. The number of civil staff was 259, thereof were 167 women.
- The Icelandic Police owns 141 vehicles, two fewer than in 2013. The total of 3.573.448 kilometres were driven by the Icelandic police in the year 2014. That is an increase of 4% from the year before.
- In order to increase reliability of the central computer system all hardware was updated in the year 2014. A new website for the police was launched at the end of the year, co-occurring with police reforms reducing the police districts to nine. The development of tablet PC's in police vehicles continued, routers were bought from the Finnish company Goodmill, to ensure secure data transmissions.
- In mid-August uncertainty level was declared because of seismic activity around Bárðarbunga. Powerful media reporting the event was both within Iceland, as well as around the world. At the end of June a *report on forensic analysis of the Eyjafjallajökull and Grímsvötn communication and risk management response across Europe* was published as one part of a large scale research project called Future Volc.
- The number of task-related calls to the Police Telecommunications Centre has reduced over the past years, with 70.901 calls in the year 2012 as opposed to 60.881 in 2014.

- In 2014, 341 specific tasks and 3.010 general tasks were registered for the Counter Terrorist Unit (CTU). The general tasks mainly included arrests, domestic violence and surveillance.
- In the year 2014 the International Department continued to work on infrastructure of the department with increasing the level of knowledge, cooperation and reform of all kinds. An internal website called “International Wiki” was formally opened and as a result the knowledge of the police increased to the next level. A new system for Eurodac cooperation was introduced within the year.
- A total of 17 background checks due to air and maritime security were conducted in 2014 which is reduction from the year 2013, but during the year 2014 the procedures were moved to the Police district of Suðurnes.
- The money laundering office of The National Commissioner of the Icelandic Police received 453 notifications from reportable parties in 2014, of which 186 were sent to the Icelandic Police and Special Prosecutor to further investigation.
- In 2014, 19 digital speed cameras were in use, capturing in all 26.375 traffic offenses which amounts to around 72 offenses on average per day.
- An annual crime statistics report was published in June. The largest number of offences are traffic offences.
- All police districts have procedures for peer support and in addition all police officers have access to free psychological support from private practice psychologists. In the year 2014, 67 police officers received free counselling.
- In May 2014, the National Commissioner of Police in Iceland established a commission, which takes under consideration reported cases of sexual harassment, bullying and gender - based violence inside the Police.
- A number of meetings and events were held in Iceland and meetings and conferences were attended abroad by staff of the National Commissioner of Police in Iceland in 2014.

